einnar slíkrar í Róm á sínum tíma og naut ýmissa fríðinda t.d. afsláttar í listaverzlunum, ókeypis á sýningar, ókeypis fyrirsætur og vinnuaðstöðu ef ég vildi á aðalbækistöðum stofnunarinnar á Via Margutta, hinni nafntoguðu listagötu í hjarta Rómar. Þetta er þannig fyrir margt mjög nytsamleg viðurkenning hafi viðkomandi tækifæri til að hagnýta sér hana í vinnu sinni og er það von mín að Sveini takist það með dvöl á Ítalíu. Annars þekki ég ekkert til þessarar stofnunar.

— Sveinn Björnsson er strengi á sýningu sinni í hreinum landslagsmyndum og af þeim hafði ég einna mesta ánægju t.d. myndunum „Hafið" (9), „Haust" (19), „Krísuvík" (11), „Krísuvík" (22), „Fyrirboði" (27) ásamt hinni stóru mynd hans af hrikalegu hafsróti „Ægir Konungur" (14). Í gamla stílnum er Sveinn einna öflugastur í mynd sinni „Litla flugan" (7), en listamanninum finnst sú mynd toppurinn á sýningunni en sem mér finnst umdeilanlegt.

Mér þykir einsýnt að Sveinn mætti gjarnan



**Ægir konungur (14).**

sannarlega samur við sig á sýningu sinni að Kjarvalsstöðum hvað föng snertir um myndefni því að í yfirgnæfandi hluta eru þetta myndir hugarflugsins „fantasíur", sem hann skáldar inn í landslag og býr úr óræðan furðuheim (hér er ég næsta hættur að þora að nota orðið **ófreskur** vegna þess að það kemur í nær öllum tilvikum út sem óferskur á síðum blaðsins?) Það er líkast til dálítill munur á ófreskum furðuheim og óferskum furðuheim . . .

Sveinn slær á nýja spreyta sig meira á slíkum umbúðalausum landslagsmyndum í framtíðinni því að þær eru fyrir margt sérstæðar í íslenzkri landslagsmyndagerð. Málaðar af ofsa og skaphita.

Slíkar myndir njóta sín vissulega betur einar sér en í þeim frumskóg myndheilda og pataldri myndrænna andstæðra sem sýningin er.

Þetta er vafalítið sterkasta framlag Sveins Björnssonar til þessa og enginn þarf að óttast að maðurinn láti deigan síga í framtíðinni.

## Guðjón Petersen framkvæmdastjóri Almannavarna:

# Lokasvar vegna skrifa Leifs Jónssonar um Almannavarnir

Vegna endurtekinna skrifa Leifs Jónssonar um „brotalamir í kerfi Almannavarna" og að þær (eða framkvæmdastjórinn) fari inn á verksvið sem ekki sé þekking á, auk fullyrðinga ýmisskonar varðandi útboðanir og fjarskipti, neyðast Almannavarnir ríkisins til að leggja fram eftirfarandi upplýsingar. Ekki verður um frekari svör að ræða. (Lesendum svarsins er bent á bls. 12 í Morgunblaðinu 7. ágúst s.l.).



12 MORGUNBLAÐIÐ, FIMMTUDAGUR 7. ÁGÚST 1980

Leifur Jónsson læknir:

## Enn um Almannavarnir

### Lengi getur vont versnað

1. Almannavarnir ríkisins eru sérfræðistofnun á sviði neyðaráætlana og neyðarþjónustu á breiðum grundvelli, þar sem sjúkraþjónusta er aðeins einn hlekkur af mörgum. Stofnunin hefur starfsfólk með mikla þjálfun í neyðarvörnum, og aðgang að sérfræðingum til ráðuneytis um öll sérsvið neyðaráætlanagerðar. Reynsla af æfingum og neyðaraðgerðum er nýtt til hins ýtrasta eftir því sem kostur er, til að fullkomna neyðarkerfið, í samráði við alla sem þátt taka í aðgerðum.

2. Upplýsingakerfi Almannavarna er margþætt og hefur ekki brugðist enn sem komið er. Ekki má rugla saman upplýsingakerfi Almannavarna annarsvegar og mati flugöryggisþjónustunnar á alvarleika bilana í loftförum hinsvegar. Allt slíkt mat er í höndum flugstjóra loftfars og starfsmanna Flugmálastjórnar. Almannavarnir hafa ekkert með flugöryggismál að gera. Við nauðlendingu F-27 flugvélar Flugleiða 19. júní s.l. bárust upplýsingarnar rétt samkvæmt upplýsingakerfinu, strax og mat ofangreindra aðila á alvarleika ástandsins lá fyrir. Hvað varðar skrif um samskipti Almannavarna við fjölmiðla og upplýsingar fjölmiðla til stofnunarinnar, skal upplýst að þau samskipti eru mjög góð. Almannavarnir ríkisins gera sér grein fyrir mikilvægi gagna- og heimildasöfnunargildis fjölmiðlanna á neyðar- og hættutímum.

3. Vegna þeirrar fullyrðingar greinarhöfundar að Almannavarnir eigi frekar að boða öryggisaðilana með síma en þráðlausu talstöðvarkerfi upplýsist að þráðlaust útboðunarkerfi með einni sameiginlegri viðvörunarrás, gerir kleift að boða alla öryggisþjónustu með vaktþjónustu til starfa, með jafn skömmum tíma og eitt símtal tekur. Gefur það því óendanlega möguleika í hraða útboðunar. Skilyrði sem Almannavarnir setja handhöfum útboðunarkerfisins, er að það sé vaktað, en það brást því miður hjá Borgarspítalanum við útboðun fyrir nauðlendingu F-27 flugvélarinnar. Við vikulega prófun á kerfinu daginn áður kom í ljós, að slökkt hafði verið á stöðinni í Borgarspítalanum, og var óskað eftir að því yrði kippt í lag. Það hafði ekki verið gert. Vitni er að því að sími var notaður til að boða Slysadeild í umrætt skipti þegar ekki var hægt að ná sambandi um útboðunarkerfið.

4. Almannavarnir ríkisins hafa gert áætlun um þráðlaust sambandskerfi, sem tengt getur alla öryggisþjónustu landsins saman, og við hvaða áfallssvæði á landinu sem er jafn fljótt og hjálp kemst á vettvang og eru kostnaðartölur 80—90 millj. Til bráðabirgða má leysa brýnustu þörf og tryggja í 90% tilvika samband við kerfið á Faxaflóasvæðinu, frá hvaða áfallsstað á landinu sem er, fyrir 10 millj. kr. Var það prófað í samvinnu við Landhelgisgæsluna nú í sumar. Notuð er aðferð sem Ísraelsmenn beittu við björgun gíslanna af Entebbe flugvelli í Úganda á sínum tíma.

5. Spurt er hversu miklu fé skattborgarar eyða í almannavarnir á Íslandi. Svar: 63 milljónum 1980 samkvæmt fjárlögum og núverandi vitneskjum um aukafjárþörf vegna neyðaraðgerða.

6. Persónulegum aðdróttunum sem greinarhöfundur kryddar skrif sín með er látið ósvarað sem fyrr, enda ekki siðaðra manna háttur að ráðast á einstaklinga í blaðaskrifum.

**Guðjón Petersen.**


TÍU PRÓSENT KYNNINGARAFSLÁTTUR

Handhafar afsláttarkortanna athugið: Nú er rétti tíminn til að kaupa málningu.
**Allir út að mála.**



10% KYNNINGARAFSLÁTTUR

**10% AFSLÁTTUR til 25. ág**

Þú færð 10% afslátt af eftirtöldum vörum i eftirtöldum versl

**Litaver Grensásvegi, Liturinn Síðumúla, Slippfélagsbúðin Tryggvagötu,**

**J. L. húsið Hri Álfhóll Hamraborg, Dröfn Strandgötu,**

Athugið að afslátturinn fæst aðeins gegn framvísun þessa korts til 25. ágúst n. k.

**Vörurnar eru:**

**VITRETEX plastmálning utan og innanhúss, VITRETEX sandmáln utanhúss. VITRETEX mynsturmálning innanhúss, HEMPEL þak málning og lökk, CUPRINOL fúavörn á allt tré.**

VITRETEX HEMPEL CUPRINOL

**J. L. húsið Hringbraut, Slippfélagsbúðin Tryggvagötu,**

**Álfhóll Hamraborg, Kópavogi Dröfn Strandgötu, Hafnarfirði**

**Litaver Grensásvegi, Liturinn Síðumúla,**